



Silja Bára Ómarsdóttir

## „Þetta gefur okkur vettvang utan skólans“ Facebook sem verkfæri í háskólanámi

► Um höfund ► Efnisorð

Facebook hefur notið mikilla vinsælda hjá almenningi og hefur töluvert verið notað í kennslu. Lítið hefur þó verið skrifað um það og rannsóknir á nytsemi miðilsins eru takmarkaðar. Þessi grein lýsir tilraunaverkefni í stjórnmálafræði, þar sem óformlegir hópar voru stofnaðir samhliða námskeiðum. Gengið er út frá hugmyndum um að háskólanemar í dag séu innfæddir netverjar, og markmiðið var að efla sjálfsmýnd þeirra og starfssamfélag, með hliðsjón af kenningum um aðstæðubundið nám og starfssamfélög. Rannsóknin er byggð á vettvangsglósom höfundar og viðtölum við nemendur sem voru í námskeiðunum sem greind voru með aðferðum orðræðugreiningar. Niðurstöður sýna að starfssamfélag eflidist í gegnum hinn rafræna vettvang og jók um leið sjálfstraust nemenda í skólastofunni. Því fylgdu aukin þægindi og minna álag að fylgjast með umræðum á Facebook en á formlegum kennslumiðlum og nemendur töldu sig eiga í betri samskiptum við bæði kennara og samnemendur. Nemendur töldu þó að Facebook umræður væru lítil viðbót við formlegt nám, en þeim mun gagnlegri til að tengja viðfangsefnið við daglegt líf. Vísbendingar eru um að breytinga sé þörf á umræðuferfum formlegri kennsluvefja, eigi þeir að nýtast. Frekari rannsókna er enn fremur þörf til að skoða hvort samfélagsmiðlar bæti nám umfram það að styrkja starfssamfélag nemenda.

**“It gives us a platform outside the classroom”: Facebook as a tool for the university teacher**

► About the author ► Key words

Facebook is an immensely popular forum for social interaction, and has been used by many teachers. Until recently, very little research has been done on the affordances and utility the medium offers. This paper reports on the findings of a classroom experiment, where Facebook groups were used to facilitate discussions among university students in political science outside of the classroom. The experiment was based on the assumption that the current generation of university students are digital natives and find it easy to use electronic means of communications. Furthermore, it built on ideas about situated learning and communities of practice, by encouraging students to connect the class readings to their daily life, and share the material they found online and was related to the course. The author kept field notes during the courses and then interviewed small groups of students to gain an insight into their experience from the class. The interviews were then analyzed using discourse analysis and the findings assessed based on a literature review of constructivist learning theories. The findings suggest that students are more comfortable expressing their thoughts online than they are in person, but upon getting feedback from their instructor and fellow student, they were more motivated to speak up in class. Furthermore,

they found that the online discussions gave them insights into the ideas of their fellow students and prompted them to seek out like-minded students in class. They noted that the discussions were both easier to follow on Facebook than on more formal learning webs, and that they were less likely to forget to monitor them. Phrases like „we were always in the class“, and „it’s just so much easier“ were a common refrain. The students interviewed also clearly indicated that the group interactions online strengthened their identity as students of political science and assisted them in sharing their expertise with friends and family outside the group. Students also suggested that they had a better relationship with the teacher because of the ease of interaction afforded by the social medium. Despite their positive feedback about the experiment, students did not feel that the Facebook groups had contributed substantively to their learning. They did however feel that it had assisted them in making connections outside of the classroom and in constructing their own meaning. The paper concludes that formal educational webs’ discussion fora need to be more intuitive, and possibly also flexible enough to allow for Facebook linkage, and that there is a need to study whether Facebook or other social media actually contributes to learning beyond promoting a stronger community of practice among students.

Ný tækni hefur gjarnan í för með sér nýjar hugmyndir um nám og kennslu. Stundum er meira að segja rætt um að heilastarfsemi breytist með tækninýjungum og að mannkynið taki stökk í því hvernig það nemur og metur upplýsingar (Carr, 2011). Síðustu árin hefur tölvu- og samskiptatækni fleygt fram á máta sem gerir okkur sem ekki ólumst upp með netinu oft óskiljanlegt hvernig ungmenni hafa yfirsýn yfir það sem er að gerast í daglegu lífi þeirra. Bandarískar rannsóknir fjalla um að ungmenni fái skilaboð í gegnum netið eða síma á nokkurra mínútna fresti allan daginn (Carr, 2011).

Þetta nýja samskiptamynstur sést víða í skólum. Framhalds- og háskólanemar mæta gjarnan með tölvur í tíma, rætt er um að spjaldtölvuvæða grunnskóla og þar fram eftir götunum. Það er þó alls ekki víst að tæknin sem slík hafi eitthvað fram að færa til námsins. Hitt er ljóst, að það er erfitt að berjast gegn þessari þróun, og því er það sennilega þess virði að reyna að vinna með hana. Það var í þessu ljósi sem ég ákvað fyrir nokkrum árum að reyna að nýta mér það, að nemendur verja miklum hluta síns daglega lífs á netinu. Min reynsla er sú að þau detta oft út úr tímum þegar eitthvað áhugavert gerist á skjánum hjá þeim eða sessunautnum. Til að vega upp á móti þessu datt mér í hug að ég gæti kannski brotist inn á skjáinn hjá þeim utan tíma, unnið mér upp tímann sem þau hefðu átt að vera með mér í skólastofunni og námið gæti þannig haldið áfram þótt ég hefði ekki beinan aðgang að þeim. Þetta sá ég fyrir mér að gera með Twitter eða Facebook, þ.e. að nota samfélagsmiðla til að tengjast nemendum, og tengja þá saman í náms- eða starfs-samfélag (community of practice). Þetta taldi ég einnig að gæti nýst til að sporna við brottfalli í deildinni. Rannsóknaspurning sem lagt er með upp hér er því hvort rafræn samfélög, eins og Facebook, geti styrkt starfssamfélög í háskólanámi?

Meðal þess fyrsta sem vakti athygli mína þegar ég byrjaði að nota samfélagsmiðla í kennslu haustið 2010, var hve lítið þeir höfðu verið rannsakaðir sem námstæki, þótt um þetta leyti hafi farið að birtast fræðigreinar um efnið, m.a. á íslensku (Anna Guðrún Sigurvinsdóttir og Sólveig Jakobsdóttir 2010; Guðný Guðbjörnsdóttir 2010). Þessi tilfinning hefur síðan verið staðfest m.a. af Everson, Gundlach og Miller (2013) og Tess (2013). Umtalsvert hefur þó bæst við þekkingu á þessu sviði síðustu ár, en greinin ber engu að síður keim af því að rannsóknaniðurstöður hafa verið að birtast eftir að ég hóf vinnu að mínu verkefni. Ég tek þetta fram einkum til að benda á að sú þekking sem nú er til staðar nýttist ekki við framkvæmd, heldur eingöngu við greiningu í minni rannsókn.

Greinin er þannig byggð upp að fyrst er farið yfir hugmyndir um hvað það er sem einkennir nemendur af þeirri kynslóð sem nú er að hefja háskólanám. Niðurstöður tilrauna með samfélagsmiðla í kennslu í þremur námskeiðum eru teknar til skoðunar. Rætt er um nám og samfélagsmiðla, hugmyndir félagslegrar mótunarhyggju (*social constructivism*) um hvað gerir nemendum helst kleift að læra<sup>1</sup>, og hugmyndir fræðimanna á sviði menntavísinda um hvað það er sem einkum kemur í

<sup>1</sup> Þar sem bakgrunnur minn er í félagsvísindum en ekki menntavísindum vísa ég til félagslegrar mótunarhyggju, frekar en hugsmíðahyggju eins og algengara er í þeim fræðum.

veg fyrir að nemendur hverfi frá námi. Þar tel ég sérstaklega mikilvægt að horfa til hugmynda um samfélag í náminu, þ.e. að nemendur upplifi að þeir tilheyri umhverfi sínu.

Þá er aðferðafræði rannsóknarinnar kynnt, en hún var unnin í þremur námskeiðum við Stjórn málafræðideild, þ.e. Alþjóðastjórnsmál, sem kennt var haustin 2011 og 2012, og Bandarísk stjórnsmál, sem kennt var haustið 2012, og notar Facebook síður sem voru stofnaðar fyrir hvert þessara námskeiða. Námskeiðin voru nokkuð fjölmenn og fyrsta árs námskeiðið er sérstaklega vel til þess fallið til að vinna í því að mynda starfssamfélag innan deildarinnar og efla sjálfsmynd nemenda í faginu. Að lokum voru tekin þrjú rýnihópaviðtöl við nemendur úr þessum námskeiðum. Ég lýsi gagnaöflun og úrvinnslu, og staðset einnig sjálfa mig gagnvart verkefninu.

Þegar fræðilegur bakgrunnur og aðferðafræði liggja fyrir fer ég yfir tilraunina sjálfa og nota þá einkum ofangreind viðtöl til að greina áhrif og árangur, ef einhver er. Útskýrt er hvornig Facebook síðan er notuð til að stuðla að tengslum og bæta við námsefnið, frekar en sem formlegur vettvangur fyrir nám og upplýsingamiðlun til nemenda. Þar sem hér er unnið út frá eiginlegum aðferðum eru gögnin notuð til að skyggast inn í hugarheim viðmælenda og meta reynslu þeirra, en ekki er lagt upp með tilgátu sem þarf að prófa. Niðurstöðurnar eru því ekki af eða á, heldur er þeim ætlað að aðstoða lesendur við að meta hvort að notkun samfélagsmiðla gæti stuðlað að bættu námsumhverfi og ekki síst sterkara samfélagi fyrir nemendur þeirra. Reynsla mín og niðurstöður úr viðtölum við nemendur eru frekar jákvæðar og benda til að þessi aukavettvangur hafi eftt virkni þeirra og þátttöku í starfssamfélagi stjórn málafræðinema og stjórn málafræðinga.

## Þúsaldarkynslóðin, mótunarhyggja og samfélagsmiðlar

Einstaklingar fæddir á árunum 1982-2002 eru gjarnan kallaðir *Generation Y* eða *millennials* á ensku (Carver, 2011), og verður hugtakið þúsaldarkynslóðin notað hér. Sá hópur nemenda sem nú er að hefja nám í háskólum landsins tilheyrir einnig hópi sem Prensky (2001) kallar „innfædda netverja“ (*digital natives*). Þessir nemendur hafa ekki vanist öðru en að geta leikið sér í tölvum og frá því skólaganga þeirra hófst hefur netið verið til og þeim aðgengilegt í einhverjum mæli. Þau eru öðruvísi en flestir kennarar þeirra að því leyti að við erum flest innflytjendur í hinn stafræna heim (*digital immigrants*). Við sem eldri erum þurfum að læra á tækni sem þau skilja mörg hver á innsæinu og hafa lítið fyrir að tileinka sér. Samskiptamátinn er m.a.s. öðruvísi, þar sem nemendur hafa vanist spjalli í gegnum SMS og spjallforrit, þar sem hraðinn skiptir svo miklu máli að skammstafanir verða óhjákvæmilegar (Black, 2009, bls. 99). En þótt eldri kynslóðir séu tregari til að tileinka sér nýja tækni vísar Blankenship (2011) í rannsóknir meðal háskólakennara við 1000 háskóla í Bandaríkjunum sem sýna að um 80% þeirra nota samfélagsmiðla, og um helmingur notar þá í kennslu. Þessi notkun birtist annars vegar í notkun samfélagsmiðla til að eiga samskipti við nemendur, og hins vegar með notkun myndbanda, hlaðvarps, bloggs og wiki-síðna í tímum.

Áður en lengra er haldið er rétt að skilgreina samfélagsmiðla, en það eru veflægar þjónustur sem gera einstaklingum kleift að búa til opna eða lokaða síðu innan tiltekins ramma, velja með hverjum þeir deila aðgangi og innihaldi, og skoða það sem tengiliðir þeirra og aðrir innan kerfisins gera (Boyd og Ellison í Everson, Gundlach og Miller, 2013). Rannsókn frá 2010 sýndi að af þeim sem tengjast netinu reglulega nota 61% fullorðinna það til að eiga samskipti, og 73% tánunga (Ferriter í Everson, Gundlach og Miller, 2013). Árið 2015 nota 71% tánunga í Bandaríkjunum fleiri en einn samfélagsmiðil og 91% þeirra nota snjallsíma til að tengjast netinu (Lenhart, 2015). Samfélagsmiðlar á borð við Facebook, Twitter og YouTube voru ekki til fyrir 2004 (Everson, Gundlach og Miller, 2013) og það er aðeins nýlega sem þessi fyrirbæri hafa verið skoðuð sem kennslutæki (Tess, 2013).

Það hafa verið uppi hugmyndir um að hraðinn á upplýsingaflæðinu, og það magn upplýsinga sem er aðgengilegt, geri það að verkum að fólk sé farið að læra öðruvísi. Því er jafnvel fleygt að heilinn lagi sig að þessum breyttu aðstæðum og fari að starfa öðruvísi og betur (Prensky, 2001; Carr, 2011) og ýmsir telja að nemendur í dag ráði auðveldlega við að sinna mörgum verkefnum í einu. Vísbendingarnar eru þó í besta falli tvísaga,<sup>2</sup> því áreitið verður gjarnan til þess að nemendur fá yfirborðskennda tilfinningu fyrir því að þeir hafi náð tökum á viðfangsefni þar sem það er þeim kunnuglegt, en komast ekki jafn djúpt í hugtök og efni og fyrri kynslóðir kunna að hafa

<sup>2</sup> Sjá t.d. Kirschner og Karpinski (2010) sem telja að rannsókn þeirra á tengslum milli notkunar Facebook og meðaleinkunnar gefi ástæðu til að skoða hver áhrif þess eru að sinna mörgum verkefnum í einu. Kirschner, P.A. og Karpinski, A.C. (2010). „Facebook and Academic Performance“ í *Computers in Human Behavior* 26(6) bls. 1237-1245.

gert. Styrkur þeirra er sá að þau eru fljót að öðlast yfirsýn, geta smellt í gegnum lesefni á vefnum hratt og örugglega og tengt saman hugmyndir. Aftur á móti skortir þau stundum dýpt og gagnrýni á hvaðan hugmyndir koma og hver setur þær fram (Everson, Gundlach og Miller, 2013), og þau reiða sig oft á endursagnir frekar en frumheimildir (Johnson, 2011).<sup>3</sup>

Það heyrir æftar að það megi e.t.v. að hætta að leggja aðaláherslu á innihald, staðreyndir og ártöl, og leggja meira upp úr því að nemendur kunni að fletta upp á heimildum, finna staðreyndirnar og ártölin (sjá t.d. Paton 2012). En til þess að þessar staðreyndir gagnist þeim þurfum við að kenna þeim gagnrýna hugsun og þjálf þau í að meta heimildir, bæði í bókum, tímaritum og á internetinu (Rotherham og Willingham 2009). Auk þess verða þau að læra að setja þessa hluti í samhengi, og til þess þarf að vinna með hugsunina, ekki bara heimildaleitina sem hjálpar þeim að staðreyna einhverjar tiltekna hugmyndir. Eitt af því sem tæknin hefur sennilega breytt hvað mest er að nemendur geta nú nálgast staðreyndir á örskotsstundu. Því er nokkur breyting á námi, að kenna nemendum *hvernig* þeir eiga að læra og vita, frekar en *hvað* (Eijkman, 2009 og Barnett 2004 í Tay og Allen, 2011, bls. 154). Þetta rímar vel við nýja menntastefnu, þar sem fjallað er um miðlamennt, eða að nemendur „læri að leggja mat á miðlað efni“ (Mennta- og menningarmálaráðuneyti 2013, 19). Notkun samfélagsmiðla í kennslu getur styrkt námsgetu til framtíðar með því að auka sjálfraði og ábyrgð nemenda, stuðla að ígrundun, mynda starfssamfélag, hvetja til samræðu og samstarfs, og bjóða upp á hvetjandi nám (Dunlap og Lowenthal í Everson, Gundlach og Miller, 2013). Hérna tel ég líka að eitt mikilvægasta hlutverk kennara í dag birtist, þ.e. að hjálpa nemendum að hjálpa sér sjálfir. Með samfélagsmiðlum er mögulega hægt að virkja nemendur í samtali þar sem hægt er að gefa þeim vísbendingar um hvernig þeir geti hugsað sig í gegnum viðfangsefnið, auk þess að hvetja þá til að leggja sitt af mörkum, frekar en að reiða sig eingöngu á það sem kennarinn setur fram (Rambe, 2012 í Tess, 2013). Slík samræða getur auðvitað farið fram í skólastofunni þegar vel stendur á, en í stærri hópum er oft erfitt að veita endurgjöf og gera skrefin sýnileg.

Á sama tíma og við kennarar horfum á nemendur koma inn með færni og hæfileika sem okkur eru stundum óskiljanlegir hefur umræða aukist um það að nemendur þurfi að tengja við umhverfi sitt til að námið skili þeim virkilega ávinningi. Í fyrsta lagi þarf nemendum að líða vel í námi. Mann (2001) nefnir dæmi um að oft eigi nemendur í raun lítið val um að vera í háskóla, það sé bara eitthvað sem allir gera. Þetta þvingaða val segir hún að leiði af sér skort á sköpun og svipti nemandann tækifærinu til að stunda merkingarþætt nám. Þá höfum við tilhneigingu til að skipa nemendum í hópa, þeir verða að „tegund“, „fyrsta árs nema“ en ekki einstaklingum með nafn og sérkenni. Loks eru nemendur sjálfkrafa undirskipaðir þekkingarvaldi í skólastofunni. Þetta getur skapað þeim tilfinningalegt álag, en Entwistle (2009) bendir á að nemendur séu þá ólíklegri til að læra. Case og Marshall (2009) hafa svipaða sögu að segja, þ.e. að nemendur beiti frekar djúpnálgun í námskeiðum sem bjóða upp á stuðning o.s.frv. Það hlýtur þess vegna að vera mikilvægt að skapa jákvætt og öruggt umhverfi fyrir nemendur ef kennarinn vill að þeir finni merkingu í efni og beiti djúpnálgun við námið.

Hluti af því að skapa þetta örugga umhverfi er að eiga meðvitað samband við nemendur (Tennant, McMullen og Kaczynski, 2010) þar sem lítið er á þá sem manneskjur en ekki aðeins námsmenn. Þetta dregur úr firringu nemenda, sem birtist á ýmsa máta, t.d. þannig að útkoma náms þjóni ekki hagsmunum nemandans, í gegnum agavald eins og t.d. í námsmati, og þegar nemendur fá ekki viðurkenningu á sjálfsmýnd sinni (Mann, 2001). Mann bendir á það að togstreita milli ólíkra hlutverka geti valdið tilfinningalegu álagi fyrir nemendur og stundum falli sjálfsmýndirnar illa hver að annarri og skortur á viðurkenningu á einum þætti sjálfsmýndarinnar getur veikt aðra þætti hennar. Hún leggur til að þegar við getum spornað gegn þessari firringu, þá sé rétt og eðlilegt að reyna það. Hlutverk kennarans er þá að standa með nemendum, bjóða þá velkomna, skapa þeim öryggi og deila með þeim valdi í skólastofunni. Mann segir að vegna þessa upplifi nemendur gjarnan firringu (*alienation*) þar sem þeir hafi ekki vald til að beita sínum skilningi og sinni sýn á heiminn. Ein leið til að hjálpa nemendum að ná tökum á námsefninu er að aðstoða þá við að tengja það þeirra eigin veruleika. Hér gagnast vel að styrkja starfssamfélag nemendanna.

Starfssamfélög myndast þegar hópur fólks deilir áhuga á tilteknu viðfangsefni, og krefst sameiginlegra verkefna og umræðna þar sem þátttakendur hjálpa hver öðrum svo að öllum fari fram. Þessi hugmynd byggir á kenningum Lave og Wenger um aðstæðubundið nám (*situated learning*)

<sup>3</sup> Áreitið og hraðinn er ekki beinlínis til umræðu hér, en ég vil halda þessu til haga þar sem oft er hægt að nýta tengingarnar sem nemendur koma sjálfir með til að fá þau til að setja það efni í samhengi við námsefnið og umræðu sem hefur farið fram í skólastofunni.



(Wenger-Trayner, e.d.). Þessi nálgun fellur vel að minni kennslusýn, þar sem ég sækist eftir því að nemendur takist á við sína eigin reynslu og hugsi um viðfangsefnið í því samhengi. Þetta þykir mér æskilegra en að þeir geti svarað með upptalningum sem eru víðs fjarri þeirra eigin veruleika (*alienated body of knowledge*) (Bain, 1992 í Åkerlind, 2003). Þetta fellur vel að hugmyndum um félagslega mótunarhyggju í kennslu, þar sem hver og einn mótur þekkingu út frá sínum eigin reynsluheimi.

Félagsleg- og menningarlegar kenningar hafa rutt sér til rúms í kennslufræði eins og öðrum félagsvísindum. Ein frumforsenda þessarar sýnar á nám er að það felist ekki eingöngu í því að til-einka sér staðreyndir, heldur að nemendur móti sína eigin þekkingu. Margir sem aðhyllast þessa sýn telja einnig að besta námið eigi sér stað í félagslegu samhengi, það feli í sér virkni og mótun (Kelm, 2011, bls. 507) og Rheingold (2010) heldur því fram að þetta séu einmitt kostir þess að nota samfélagsmiðla í kennslu: nemendur verði virkari, sýni meiri áhuga, taki frekar stjórn á eigin námi og ábyrgð á menntun sinni. En þótt kennsla fari að mestu leyti fram innan skólastofunnar, þá hefur MacKeachie (1999) bent á að mikilvægasti hluti námsins fari oft fram utan hennar. Með því að skapa vettvang utan stofunnar hafa nemendur stað til að styðja hver við annan, þ.e. að móta sitt starfssamfélag, en Tess (2013) telur rökrétt að halda því fram að nýting samfélagsmiðla í háskólakennslu eflir starfssamfélag. Þá gefur þetta þeim tækifæri til að vera virkir, en virkni nemenda er einmitt eitt helsta markmið kennslu samkvæmt bæði Race og Pickford (2007) og Cannon og Newble (2000). Tess (2013) vísar enn fremur til rannsókna sem sýna að nemendur telja samfélagsmiðla bæði auka á bein samskipti milli nemenda og skapa þeim möguleika á að ígrunda verkefni annarra. Hér þarf þó að gera þann fyrirvara að oftast eru neikvæð tengsl milli námsárangurs og tíma sem varið er á samfélagsmiðlum (Chen og Fu 2009; Chen og Peng 2008).

Tess (2013) bendir á að ýmis grundvallaratriði í kenningu Vygotskys styðji notkun samfélagsmiðla í kennslu, svo sem að nám byggir á samræðum og samvinnu. Kelm telur að notkun tækni eins og t.d. samfélagsmiðla hjálpi kennurum að umbreyta stórum skólastofum þannig að samskipti fari fram í litlum hópum. Með hjálp samfélagsmiðla getum við virkjað nemendur og fengið þá til að vinna saman. Hann telur það um leið kaldhæðilegt að kennarar telji tækni og samfélagsmiðla frekar vera truflun<sup>4</sup> en tækifæri til betra náms og segir að við séum að fórnna námi fyrir agastjórnun (Kelm, 2011, bls. 508). Þvert á móti segir hann að með notkun samfélagsmiðla séu ýmsir grunnþættir náms á forsendum mótunarhyggjunnar til staðar frá upphafi. Það er þó rétt að hafa varann á, því samfélagsmiðlar eru alls engin töfralausn. Við þurfum að kenna nemendum að vera gagnrýnir notendur. Þeir þurfa m.a. að læra að stjórna athygli sinni – einkum innan skólastofunnar – læra hvernig og hvenær á að deila efni og bregðast við því, og læra að bera kennsl á gagnlega þekkingu (Rheingold, 2010).

Tay og Allen (2011) ræða sambandið milli nýrrar tækni og mótunarhyggjumíðaðra námskenninga í grein sinni. Þar sem þau kenna við námsbraut í internetfræðum leggja þau tæknina til grundvallar, og ganga ekki út frá því að tæknin ein og sér bæti nám, eða skili nemendum auknum skilningi á viðfangsefninu. Námsumhverfi nemenda er vissulega breytt en það, og hin persónulega og óformlega menning sem nemendur þróa í þessu samhengi, breytist ekki nema breytingum sé gefinn gaumur á kennslufræðilegum forsendum. Í starfsumhverfi Tay og Allen hefur það verið lagt til grundvallar að nemendur læri best þegar þeir þurfa að leggja eigin merkingu í viðfangsefnið, og geri það í samvinnu við aðra nemendur. Þáttur kennarans er engu að síður mikill, því hann þarf að gera þetta breytta ferli sýnilegt fyrir nemendum og hjálpa þeim að upplifa það að þeir séu að vinna saman. Starfssamfélagið myndast þannig ekki af sjálfu sér, heldur benda þau á að „samofin einstaklingshyggja“ (*networked individualism*) geti orðið reyndin. Það eru þá aukin tengsl af ýmsum gerðum milli fólks, en í raun dregur úr dýpt samskipta þeirra og samvinnu nema vel sé að gætt.

## Aðferð

Erfitt er að staðsetja þessa rannsókn innan tiltekinnar hefðar, því lítið var til um samfélagsmiðla sem kennslutæki þegar hún hófst. Ég spanna því saman aðferðir úr vettvangsrannsóknum og rýni-

<sup>4</sup> Ég vil þó taka fram að ég tel tölvur í skólastofunni bjóða upp á truflun. Nemendur geta „dottið út“ og farið á netið í það sem á að vera augnablik en gleymt sér þar. Einnig telja sumir að með líkamlegri viðveru sinni séu þeir að uppfylla einhverjar kröfur og að tímasóknin gagnist þeim, þegar vísbendingar eru einmitt um að þá hljómi hugtök kunnuglega þegar þeir lesa textann og þeir telji sig skilja efnið betur en þeir gera. Þar sem sumir nemendur þurfa tölvur til að glósa vegna námshamlana hef ég ekki viljað ganga svo langt að banna tölvur. En til að sporna gegn því að tölvunotkun nemenda valdi truflun í tíma hef ég skipt skólastofunni upp í tölvu- og tölvulaus svæði. Það hefur gert góðan róm meðal nemenda sem vilja ekki hafa blökkandi skjái fyrir framan sig í tímum.

hópaviðtölum til að reyna að fá fram gagnlegar upplýsingar um reynslu nemenda af þessu tæki. Ég set hér fram stutta lýsingu á framkvæmdinni, og fjalla síðan um aðferðafræðina sem liggur að baki henni.

## Val á vettvangi

Ég velti fyrir mér hvort ég gæti notað annan vettvang en Facebook fyrir þessar umræður, einkum vegna þess að Facebook er einkaeign stórfyrirtækis og það eru ekki skilaboðin sem ég vil gefa til nemenda að þeir eigi að deila efni sem verður að eign slíks fyrirtækis sem má miðla því til hvaða aðila sem því svo sýnist.<sup>5</sup> Opni námsvefurinn Moodle og háskólakerfið Ugla bjóða bæði upp á umræðubræði, en ég upplifi þá ekki sem jafn þægilega í meðförum og athugasemdakerfið á Facebook, auk þess sem mér hefur fundist í samskiptum við nemendur að þeir fari ekki inn á þessa vefi nema nauðsyn krefji. Ég vildi finna vettvang þar sem nemendur gætu einfaldlega og auðveldlega deilt grein eða myndbandi sem þau rákust á á vafri með hópnum, og sett inn örstutta athugasemd ef þau vildu.

Ég íhugaði einnig að nota Twitter. Kosturinn við Twitter er að notandinn fær aðeins 140 stafabil til að koma skilaboðum sínum áleiðis og þarf því að kjarna hugsun sína áður en henni er deilt. Ég sá þó tvo stóra ókosti: Twitter notkun var þá tiltölulega lítil á Íslandi, sérstaklega þegar borið er saman við Facebook. Þá væri ég sennilega að fara fram á að nemendur væru að búa til enn einn notandaprófil og auka álagið á þau frekar en að nýta mér það að þau væru þegar tengd vef eins og Facebook. Þá er erfiðara að takmarka aðgang að upplýsingum á Twitter. Ég gæti þannig deilt einhverju, en líklegt er að aðrir myndu sjá það og ef nemendur ætluðu að svara mér, eða gera athugasemdir, þá væri það eitthvað sem væri sýnilegt öllum og gæti leitt til sjálfsritskoðunar á meðan nemendur eru óvissir um eigin þekkingu.

Það varð því úr eftir töluverð heilabrot að nota Facebook til að vinna með þetta verkefni. Ég legg þó áherslu á það að ég hefði ekki valið Facebook til að skapa þennan vettvang ef ég hefði talið aðra valkosti bjóða upp á sömu virkni og ég vil ekki með þessu vali gefa það í skyn að Facebook sé besti vettvangurinn til að eiga samskipti, sérstaklega ekki þegar til lengri tíma er litið. Ég efast raunar um að þessi miðill verði jafn ráðandi eftir nokkur ár. Engu að síður vonast ég til að það sé hægt að læra eitthvað um hlutverk og mikilvægi óformlegra samskipta milli nemenda og kennara og þess að skapa samfélagsvettvang fyrir nemendur til að eiga samskipti um námstengt efni.

Ég valdi að nota hóp (*group*) frekar en að gera síðu (*page*) þar sem erfiðara er að takmarka aðgang að slíkum síðum en að hópum og ég vildi tryggja það að nemendur upplifðu sig örugga og fengju ekki á tilfinninguna að meðal lesenda væru einhverjir sem væru „meiri sérfræðingar“ en þau, en það taldi ég geta leitt til þess að þau myndu ritskoða sig á einhvern máta. Þessum hóp var einmitt ætlað að vera vettvangur þar sem nemendur gætu tjáð sig frjálst og óformlega um viðfangsefni námskeiðsins og hvernig þau tengdu hluti úr sínu daglega lífi og vafri við það. Ég sá fyrir mér að þetta væri leið til að stuðla að meiri virkni nemenda og óformlegu námi, en ekki að hér væri vettvangur til að auka kennslu, enda hafa rannsóknir gefið vísbendingar um að nemendur upplifi ekki sérstaklega að Facebook bæti nám þeirra (Tess, 2013). Þetta virðist einnig vera í samræmi við bæði upplifun nemenda í rannsóknnum sem Everson, Gundlach og Miller (2013) taka ágætlega saman og niðurstöður Madge, Meek, Wellens og Hooley (2009).

## Framkvæmd

Á haustmísserum 2011 og 2012 notaði ég Facebook hópa til að styðja við kennslu í þremur námskeiðum, þ.e. inngangsnámskeiði í alþjóðastjórnámum og námskeiði í bandarískum stjórnámum. Hóparnir voru annars vegar 70-90 manna hópar í inngangsnámskeiðinu, aðallega fyrsta árs nemar í stjórnálafræði en einnig nokkrir eldri nemar bæði úr stjórnálafræði og öðrum greinum. Flest voru þau í fyrsta skipti að taka námskeið hjá mér. Í bandarískum stjórnámum voru nær eingöngu stjórnálafræðinemar á 2. og 3. ári, um 35 nemendur sem nær allir höfðu tekið námskeið hjá mér áður. Ég glósaði lauslega athugasemdir mínar um námskeiðin samhliða kennslu og hélt nokkur erindi um verkefnið á meðan á þessu stóð. Þessar vettvangsglósur mótuðu leit mína að fræðilegu efni um samfélagsmiðla í kennslu og þær spurningar sam lagðar voru fyrir rýnihópna.

<sup>5</sup> Madge, Meek, Wellens og Hooley (2009) benda réttilega á að við notkun á samfélagsmiðlum í kennslu verði að hafa í huga eignarrétt og mæri (*boundaries*) þeirra miðla sem í hlut eiga. Madge, C., Meek, J., Wellens, J. og Hooley, T. (2009). „Facebook, social integration and informal learning at university: It is more for socialising and talking to friends about work than for actually doing work“ í *Learning, Media and Technology* 34(2), bls. 141-155.

Ég bjó til hóp á Facebook fyrir hvert námskeið sem hér er rætt um, og bauð nemendum inn í hópinn. Með boðinu var bent á að allar formlegar upplýsingar myndu koma í gegnum Uglu, og að þátttaka í hópnum væri ekki skylda, heldur væri hér eingöngu um vettvang að ræða sem þau gætu notað til að ræða efni sem tengdist námskeiðinu á einhvern hátt. Innan nokkurra daga voru allir nemendur námskeiðsins skráðir í hópinn, svo ekki kom til þess að einhverjir væru utangátta í þessari umræðu eins og ég hafði óttast. Slíkt er þó eflaust raunhæfari möguleiki í námskeiðum þar sem nemendur eru eldri.

Að lokinni kennslu haustið 2012 og í upphafi vormisseris 2013 fékk ég síðan aðstoðarmenn úr hópi framhaldsnema við Stjórn málafræðideild til að taka rýnihópaviðtöl við nemendur í námskeiðunum og skrifa þau upp. Átta nemendur tóku þátt í viðtölunum í litlum hópum, en þeir voru sjálfboðaliðar sem svöruðu beiðni sem send var til nemenda í gegnum Uglu og Facebook. Kynjahlutföll voru jöfn, og sjö nemendur voru með stjórn málafræði sem aðalgrein, einn sem aukagrein. Af þessum átta höfðu þrír verið í tveimur námskeiðum þar sem Facebook var notuð, aðrir í einu. Viðtölin liggja til grundvallar greiningu á reynslu nemenda af tilrauninni, auk stöku tölvupósta og skilaboða sem ég hef fengið óumbeðin frá nemendum um þessa reynslu. Viðtölin voru skrifuð upp og eru samtals 104 síður án athugasemda rannsakanda. Þessi viðtöl voru síðan lesin og greind með aðferðum orðræðugreiningar, þ.e. reynt er að lesa í textann og skoða samhengi og merkingu þess sem sagt er, rýna í það sem undir liggur (sjá t.d. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2006, Gill, 2000). Í þessu ferli leitaði ég að ákveðnum þemum, sem kynnu að birtast í viðtölunum og varpa ljósi á viðfangsefnið.

Þar sem ég var að gera tilraun með eigin kennslu fylgdist ég meðvitað með Facebook hópnum og sérstaklega því hvernig nemendur væru að nota þá. Til að byrja með setti ég inn nokkra tengla sem tengdust efninu á einhvern hátt, benti t.d. á síðu þar sem eru birt viðtöl við fræðimenn í alþjóðastjórn málum um viðfangsefni þeirra, fréttasíður sem eru ekki með vestrænu sjónarhorni og reyndi almennt að sýna nemendum hversu víða væri hægt að finna alþjóðastjórn mála. Ég gerði það meðvitað að hegða mér aðeins öðruvísi í seinna námskeiðinu en ég hafði gert í því fyrra. Í fyrra námskeiðinu var ég virkari, setti meira inn og spjallaði meira við nemendur sem settu inn efni, en í því seinna hélt ég mig aðeins meira til hlés og reyndi að láta nemendur taka vettvanginn meira yfir. Engu að síður þróuðust hóparnir mjög svipað. Fyrstu dagana fékk ég nokkur „læk“ á hvert innlegg. Innan viku kom athugasemd, og svo komu innlegg frá nemendum. Þau voru mismunandi, stundum myndbönd, stundum greinar og stundum vangaveltur eða hreinlega spurning til mín. Þegar leið að prófum og verkefnaskilum var mikið um spurningar tengdum skilum – á að vera forsíða á ritgerð, hvaða kaflar eru til prófs o.s.frv. Sem kennari verð ég að játa að þetta létti aðeins á mér: þessar spurningar komu inn síðla kvölds og oftast voru aðrir nemendur búnir að svara áður en ég sá spurningarnar. Í einhverjum tilvikum kom það líka fyrir að ég gat leiðrétt misskilning áður en hann skaut rötum í hópnum, spurning var sett fram af einum nemanda sem fól í sér misskilning á verkefni og allur hópurnir fékk leiðrétt svar áður en verkefnið var komið of langt af stað.

Eins og segir hér að framan þá er rannsóknin unnin með eiginlegum aðferðum. Í því felst að unnið er með orð og texta, reynsla viðmælenda er notuð og vettvangsglósur (ef svo má kalla) frá rannsakanda, af því sem gerðist í Facebook hópnum liggja til grundvallar greiningunni. Í eiginlegum rannsóknum er rannsakandi sjálfur aðal rannsóknatækið (Esterberg 2002) og því eðlilegt að gera ráð fyrir mati og túlkun, frekar en beinhörðum mælingum. Rannsakandi leggur sig engu að síður fram við það að túlka orð viðmælenda og það sem gerist í hópnum á Facebook á hlutlægan máta, þannig að reikna mætti með að aðrir rannsakendur myndu skilja gögnin á sama máta. Í þessu tilviki hafa viðmælendur verið nemendur rannsakanda og reikna má með einhverri skekkju í sambandi þeirra, þótt enginn nemandi hafi átt eftir að fá einkunn í námskeiði þegar viðtölin voru tekin. Einnig voru framhaldsnemar fengnir til að taka viðtölin til að draga úr áhrifum rannsakanda á viðmælendur og stuðla þannig að því að nemendurnir gætu tjáð sig frjálst og án þess að vera meðvitað eða ómeðvitað að reyna að þóknast rannsakandanum.

Aðferðafræðingar hafa bent á að vettvangsrannsóknir séu ein besta leiðin til að leggja mat á og fræðast um félagsleg ferli (Taylor og Bogdan, 1998). Ég lít á Facebook-hópana sem rafrænan vettvang, þar sem ég fylgdist með atferli nemenda í hópnum og notaði til að móta spurningar fyrir viðtöl, en til viðbótar við vettvangsrannsóknina vildi ég svo fá innsýn í upplifun nemenda af þessari tilraun, en þá upplifun gat ég ekki séð í gegnum samfélagsmiðilinn. Viðtöl eru góð leið til þess að skyggjast inn í reynsluheim þátttakenda, og hópaviðtöl eins og þau sem voru notuð hér eru talin

ágætis leið til að ná fram breiðri sýn á viðfangsefnið (Taylor og Bogdan, 1998). Nemendur sem tóku þátt í viðtölunum undirrituðu upplýst samþykki, en ekki er vitnað beint til dæma af síðunum þótt þær hafi mótað rannsóknina að miklu leyti. Viðtölin eru kóðuð, þ.e. setningar og hugmyndir eru settar í flokka sem tengjast saman og mynda þemu sem varpa ljósi á reynslu viðmælenda af viðfangsefninu. Þessi þemu eru svo tekin til umfjöllunar í niðurstöðukaflanum hér á eftir.

## „Þetta gefur okkur vettvang utan skólans“: Niðurstöður

Með greiningu á viðtölunum komu nokkur þemu í ljós en tvö standa upp úr. Annars vegar það sem ég kalla *tengsl*, *tengingu* og *tjáningu*. Nemendum finnst þægilegt að nota samfélagsmiðla, þeir eru sífengdir og þessi notkun styrkir tengsl þeirra við samnemendur og kennara, sem aftur gerir það að verkum að þeim finnst auðveldara að tjá sig. Þau nota samfélagsmiðla til að prófa sig áfram, og finnst auðveldara að setja fram efni þar til að byrja með. *Starfssamfélagið* er hitt meginþemað. Þau tala um að þau læri af því sem kennarinn deilir hvað eru áreiðanlegar heimildir, fá spurningar sem vekja þau til umhugsunar um eigið val á lesefni, og geta sinnt náminu utan skólastofunnar.

## „Þetta er þægilegra á Facebook“ – tenging, tengsl og tjáning

Það kom skýrt fram í viðtölunum að það skiptir nemendum máli að geta sýnt að þau hafi áhuga á efninu og að geta leitað hvert til annars með spurningar. Áhugi þeirra eflist þegar þau fá endurgjöf, hvort heldur er frá kennara eða samnemendum. Einn nemandi tók dæmi af því að hafa sett inn fyrirspurn á Facebook og fengið svar strax, annað hvort var það kennarinn,

eða aðrir nemendur, sem vissu svarið...

...ef maður hefði sent tölvupóst á hana [kennarann] þá hefði sá póstur komið næst þegar hún fer í tölvuna, en ef maður setur þetta inn á grúppuna þá fær maður svar frá öðrum nemendum...

...og eiginlega bara strax alltaf.

...það hjálpaði rosalega mikið...

...Ef kennarinn er upptekinn“

Með þessu nýta nemendur sameiginlega þekkingu, einhver gat skotið inn „ég man að kennarinn sagði“ og aðrir staðfest. Með þessu verður síður til misskilningur í hópnum og þau upplifa að þau séu sjálf að bjarga sér frekar en að þau séu algjörlega háð kennaranum um upplýsingar. Þegar stutt er í skilafresti og þau upplifa álag, þá er mikill léttir að fá þessar upplýsingar strax, þótt það sé seint um kvöld og kennarinn ekki endilega í vinnunni.

Þau notuðu líka Facebook til að undirbúa sig saman fyrir próf – og reyndar skipulögðu þau „pub quiz“ í raunheiminum líka til að æfa sig á efninu – en á netinu,

rétt fyrir próf þá mynduðust svona síðustu stundar samræður. Fólk að taka spurningar og setja þær inn, „hvað segiði við þessu“?

...það var mjög skemmtilegt, að því leyti var þetta algjört námstæki.

Ég hafði ekki talið að Facebook myndi nýtast sem formlegt námstæki, en hér er það greinilega að bæta einhverju við, þótt það hafi verið nemendurnir sjálfir sem þróuðu það þannig. Það var þó ekki eingöngu til að prófa hvert annað sem þau notuðu Facebook. Einn nemandinn fékk innblástur eftir að rekast á grein sem var um sama efni og hafði verið til umfjöllunar í tíma.

...ég fann ótrúlega góða grein sem var einmitt um það sem við vorum nýbúin að lesa í tíma! Og ég bara: Snilld. Óháð því hvort ég þekki fólk í þessum hóp, ég setti samt hlekkinn inn á, og bara svona „fyrir þá sem hafa áhuga á því að lesa meira um, þú veist, ég rakst á þetta og fannst þetta áhugavert.“ Þá kom eitthvað svona, „heyrðu, já snilld bara, takk fyrir þetta“.



Námsefnið náði í þessu tilviki út fyrir skólastofuna og nemandinn fékk ánægju út úr því að finna þessi tengsl, en ekki síður við að fá endurgjöf frá samnemendum um að þetta hefði verið eitthvað sem þeim fannst líka spennandi. Að auki var þetta leið fyrir þau til að deila því sem þau voru að gera í skólanum með fjölskyldu og vinum. Þar hafa þau reynt að finna efni inni á öðrum námsvefjum, en leiðin þangað inn er lengri.

...ég hef reynt með mömmu, ég ætla aðeins inn á Moodle, þá er mamma eitthvað, hún hefur ekki beint þolinmæði í þetta. En ef nákvæmlega sama myndband er á Facebook gildir allt, allt annað

Enda eru þau öll á Facebook meirihluta dagsins, en þó

...ekki í tímum endilega, maður er bara með kveikt á þessu, maður er bara að kíkja inn á þetta...

Umræðuþræðir á Moodle og Uglu virðast háðir sömu takmörkunum á þeirra eigin athygli og þau sjá hjá vinum og fjölskyldu, eins og þetta samtal sýnir

Facebook er persónulega tólið manns, svona eins og að tala í símann eða senda sms eða eitthvað. Og Moodle og allt þetta er eitthvað svona official dót. Það er allt annar þankagangur sem fer í það að vera þar inni.

...það hefur þann kost að vera svo rosalega mikill hluti af því sem maður ... er alltaf að gera.

Eins og ef maður fengi sms í hvert skipti sem að, þú veist...

Ekki eins og umræðurnar sem eru inni á Moodle. Ég hef alls ekki tilfinningu fyrir því. ... Það er svo mikil vinna að fara inn á Ugluna, fara og klicka á Moodle, skrá sig inn á námskeiðið, fara og finna þetta. Þetta er einhvern veginn, bara poppar upp fyrir framan mann, sko, það er rosalega þægilegt.

Já, maður er svo meðvitaður um að maður sé inni á Moodle...

...inni á einhverjum kennsluvef...

...alveg, oooh, þetta er svo leiðinlegt...

...maður er svona búinn að ákveða alveg ,oj'...

Þótt ég sé ekki sannfærð um að nám eigi að vera eintóm gleði, þá er áberandi að þau vilja hafa tengslin milli þeirrar tækni sem þau nota daglega og þeirrar sem þau nota í náminu. Þetta er vettvangurinn sem þau eru mest tengd, og einn nemandinn nefndi að það væri þægilegra að

...nota einhverja miðla sem ég kann á skilurðu, þannig að FB er aðgengilegra fyrir mig allavegana.

Upplýsingar voru líka aðgengilegri inni á Facebook, þau leituðu fyrst þangað ef þau vantaði eitthvað, að miklu leyti vegna þess að þau eru alltaf tengd. Þau báru þetta saman við Moodle og Uglu umræður, og sögðu að á Moodle yrði umræðan óþjál, „langar runur og dálkar“, en á Facebook sæju þau betur hvernig umræðan þróaðist, m.a. vegna þess að þau kunna svo vel á það kerfi. Umræður á Uglunni voru heldur „ekkert spes“, einkum vegna þess að það vantaði myndir af fólki, en líka vegna þess að

...kannski gleymir maður þessu í tvo daga og þá þarf maður að lesa langt til baka. Þetta er þægilegra á Facebook, að fá bara notification.

Nemendur eru tengdir í gegnum samfélagsmiðla í tvennum skilningi. Þau eru skráð inn á Facebook meira og minna allan daginn, og þau eiga í persónulegum samskiptum sem stuðla að samfélagslegum tengslum þeirra hvert við annað. Um leið er þetta vettvangur sem þeim líður betur með að tjá sig inni á. Vefurinn er óformlegt svæði, þannig að málfar og stafsetning er ekki

háð formlegum reglum eins og í ritgerðum eða jafnvel tölvupóstum, og þarna inni er hægt að breyta því sem þau hafa gert, afmá verksummerki ef þeim finnst þau hafa gert eitthvað kjánalegt. Þarna er kennarinn líka á sama stað og þau, meira eins og hann sitji með þeim á kaffihúsi en standi uppi við pontu.

Það sem ég að sé líka málið er að það er ekkert sniðugt að vera að bæta enn einum miðlinum við allt sem við þurfum að vera með. Við erum með Uglu, við erum með tölvupóstinn okkar. Það þarf ekkert... Mér finnst alltaf svo skrítið af hverju er ekki hægt að reyna að setja þetta allt á bara sama stað frekar en að vera að búa til alltaf marga mismunandi staði. Margir áfangar eru langt á eftir, hvað varðar tækni og annað... það þarf svona aðeins að fara að uppdeita mest allt og þá finnst mér þetta vera ágætis viðbót. Svona ágætis þróun, allavega að prófa.

Fyrir utan að vera ekki enn einn formlegi vettvangurinn sem þau þurfa að skrá sig inn á til að fylgjast með námsefninu, þá er Facebook félagslegt fyrirbæri. Þau nefndu að þótt það yrðu líka til minni hópar sem skiptust á glósum og hjálpuðust að, þá væri styrkur af því að vera með einn vettvang þar sem allir væru og kennarinn gæti veitt svoltið aðhald. Þótt það hafi ekki verið neitt formlegt eftirlit, þá yrði enginn útundan ef kennarinn stofnaði hópinn og allir í námskeiðinu fengju boð í hann. Þau nefndu að þessi vettvangur stuðlaði að því að óformlegir hópar yrðu til, en það sem stendur e.t.v. upp úr er að þau upplifðu fljótt að þetta væri ekki tilviljanakennd samkoma, heldur

...meiri hópur, ekki bara fólk sem er í tíma, heldur svona félagsskapur, einhver.

Nándin náði til kennarans, sem þeim fannst þau þekkja betur og eiga meiri samskipti við, jafnt og nemendanna. Þau upplifðu meiri samheldni í hópnum, aukin þægindi og traust.

Andinn í þessum tíma og öðrum tímum var allt öðruvísi, því þessum tímum vorum við bara vinir.

Annars staðar sat maður bara og var að glósa, þarna fann maður að allur hópurinn var, þú veist, heild einhvern veginn.

Facebook stuðlaði þannig að betri tengslum við samnemendur. Þau tóku eftir því að einhver hafði áhuga á svipuðum hlutum og þau sjálf og gátu leitað þá nemendur uppi. Þetta kom þannig í veg fyrir of mikla klíkumyndun og hleypti nemendum sem voru ekki í stjórn málafræði betur inn í hópinn. Og þessi kunnugleiki gerði það að verkum

...að manni finnst maður þekkja alla í bekknum miklu betur og miklu svona þægilegra að þora að segja eitthvað í tíma...

Fyrir suma nemendur var líka öryggi í því að vera á bak við skjáinn en ekki fyrir framan samnemendur og kennara.

Mér fannst auðveldara að tjá mig á Facebook. Það er svona, af því maður er bara að skrifa þetta, skilurðu, og maður er bara heima hjá sér og enginn í kringum mann. Það er svona erfiðara að rétta upp hönd í tíma.

Það virðist vera ógnvekjandi að tjá sig í tímum, meðal annars vegna þess að þau finna ekki hver viðbrögð samnemenda eru. En

Facebook grúppan ýtir manni svoltið af stað að þora að tjá sig í tíma. Þú sérð hvernig allir responsa við því sem þú segir á Facebookinu, þá svona ókei, þetta er í lagi. Svo mætirðu í tíma bara ókei, ég þori þessu núna. Þetta ýtir þér af stað.

## „Maður hætti aldrei í kúrsinum“ – starfssamfélag í mótun

Hugmyndir um nám tengdar mótunarhyggju byggja á því að nemendur verði að leggja eigin skilning í viðfangsefnið til að öðlast tök á því. Slíkt nám fer best fram í starfssamfélagi, þar sem hópur fólks lærir saman um afmarkað svið. Starfssamfélag – eða námssamfélag í þessu tilviki – er þá hópur fólks sem deilir áhuga eða ástríðu fyrir einhverju sem það gerir, og á reglubundin samskipti

til að bæta sig (Wenger-Trayner, e.d.). Það kom snemma í ljós að nemendur áttuðu sig á því, meðvitað eða ómeðvitað, að þetta skipti þau máli. Dæmin sem þau nefna og gerð er grein fyrir hér að framan sýna að þau skilja að tengslin auðvelda þeim tjáningu, bæði í sýndarveruleikanum og raunveruleikanum. En það er áhugavert að sjá hversu vel þau gera sér grein fyrir mikilvægi þess að tilheyra starfssamfélagi, og að þau telja hinn rafræna vettvang vera leið til að þróa þetta samfélag.

Þetta gefur okkur vettvang til að ræða efnið utan skóla. Bækurnar eru oft svona fræðilegar og þá erum við kannski að setja inn greinar eða efni sem er kannski meira svona, current og er að gerast í alvörunni, þannig að það svona tengir saman fræðin og raunveruleikann. Og mér finnst það mikill kostur.

Í öðru samtali kom fram að á Facebook,

...verður svona auðveldara að nálgast efnið...

...tengja það við nútímann...

...eða hvað er í gangi í samfélaginu í dag.

Þá fær maður líka oft betra samhengi á námsefninu, ef maður eins og tengir þetta við það sem er að gerast núna í dag, þá skilur maður þetta miklu betur!

Þetta svona víkkaði svolítið sviðið sem að kúrsinn var, svona, tók það bara úr kennslustofunni og yfirfærði það yfir á kannski hluti sem við sjáum og í kringum okkur í fréttunum og svona. Og þetta myndaði svona skemmtilegan samræðugrundvöll, bæði hjá nemendum og svo kom kennarinn oft inn í það.

Nemendur átta sig þarna á því sem fræðimenn hafa haldið fram lengi, að ef þeir geta staðsett námið í sínu eigin lífi, þá situr námsefnið betur í þeim. Það hjálpaði líka að hafa þarna stað til að tala við fólk sem hafði áhuga á sömu málaflokkum. Þau gátu rætt alþjóðamál sem voru í fréttum

þar sem fólk hefur áhuga á þessu, maður færir ekkert rosalega mikið að tala nema við annað fólk sem hefur áhuga á þessu.

Þess utan, þá gátu þau sýnt kennaranum að þau væru að hugsa um viðfangsefnið utan tímans.

Það sýnir að við höfum áhuga að við erum sjálf að pósta í okkar frítíma greinum um efnið.

Einn hópurinn tók dæmi af því þegar greidd voru atkvæði á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna um stöðu Palestínu sem áheyrnarríkis.

Og við vorum bara með puttann á púlsinum allan tímann út af þessum Facebook hóp. ... maður reyndi að gúgla sjálfur, en fann þetta ekki, þá var einhver búinn að: 'Heyrðu hérna er linkur á live webstream í góðum gæðum'. Og maður svona, frábært! Ég er í fullt af öðrum hópum á Facebook með einhverjum vinkonum sem eru eitthvað Rihanna og Chris Brown... en þetta er eitthvað svona sem vinir mínir myndu aldrei fara inn á, svo mér fannst þetta bara algjör snilld. Ég var fyrst af mínum vinum, bara eitthvað Palestína... og svo þremur tímum seinna byrjaði fólk, „Palestína“, með einhverjar myndir á Facebook, maður var bara á undan öllum.

Nemendurnir fengu þarna tækifæri til þess að deila hver með öðrum hvernig væri hægt að fylgjast með sögulegum viðburði, og gátu fundið til sín í eigin vinahópum, að þau hafi strax á fyrsta ári í námi öðlast stöðu innan starfssamfélags stjórn málafræðinnar. Þeim fannst þau læra á því að eiga óformleg samskipti við kennarann inni á síðunni, eins og þetta samtal sýnir:

...af því hún [kennarinn] var svo mikið að pósta af einhverjum svona góðum síðum sem maður hafði svo mikið gagn af.

...Sem maður getur til dæmis nýtt þegar maður er að gera ritgerðarvinnuna, þú veist.

...og maður fór inn á einhverja síðu, og fór að skoða eitthvað annað síðunni, svo þetta opnaði heim fyrir manni sem maður vissi ekkert um áður sko.

Síðurnar sem þau nefna höfðu alltaf verið í kennsluáætlun, en þegar Facebook síðan kom til notaði ég þær til að brjóta ísinn inni í hópnum. Í öðru samtali kom fram að þeim þætti erfitt að greina góðar vefheimildir frá slæmum. Einn nemandi sagði að það væri

erfitt fyrir okkur að vita hvað eru góðar síður. Oft langerfiðast að vita hvar á að byrja að leita, hverju við getum treyst og hverju ekki og svona. Það er alltaf mjög auðvelt að finna nóg af efni, en maður veit ekki hvort það sé gott eða ekki...

Einhver gagnrýndu þó að ekki færi fram meiri „kennsla“ á Facebook og hefðu viljað sjá meira í átt við fyrirlestra frá kennara þar og samantekt á því sem fór fram í tímum, sérstaklega ef þau höfðu ekki mætt. En annar nemandi benti á móti á að þó það væri bara létt umræða á Facebook, þá hefði það samt gildi.

Alveg hiklaust sko. Það að létt námskeiðið og draga það svona inn í þú veist, venjulega lífið okkar, mér fannst það hjálpa fyrir námskeiðið í heild. Þó það sé bara á léttari nótum sko.

Endurgjöfin skipti þau miklu máli. Eins og kemur fram að framan fannst þeim erfitt framan af að tjá sig, bæði í hópnum og í skólastofunni. Einn nemandinn orðar þetta svo:

Ég var fyrst hrædd við að setja inn einhverjar heimskulegar spurningar, eða við að spyrja, fyrst þá var ég svona stressuð og kannski síðan var ég að lesa einhverja grein og ég kannski vissi ekkert um þessa síðu sem þetta var á eða eitthvað svona, og svo bara fékk maður feedback og þá einhvern veginn bara jafnaði þetta sig.

Þau tóku eftir því líka að endurgjöfin var ætluð til að fá þau til að hugsa gagnrýnið um viðfangsefnið. Eitt dæmi sem kom upp var eftirfarandi:

...einhver kom kannski með einhvern link á einhverja síðu sem var eitthvað viðtal eða eitthvað svona áhugavert efni, og svo var þú veist sagan kannski, hvað þetta er fáránlegt eða eitthvað, þú veist, bara eitthvað... og þá kom hún [kennarinn] alltaf með svona gagnrýna hugmynd á móti, þú veist, bara til að láta okkur hugsa. Ekki til að skjóta neinn niður, hún bara bjó til gagnrýna umræðu um þetta, þannig að fólk gat tekið þátt í því.

Þeim fannst líka skipta máli að fá að heyra hvað kennarinn og samnemendur höfðu um þeirra hugmyndir að segja. Það að ég setti inn tengla framan af og skrifaði svör við þeirra innleggjum hvatti þau til að taka þátt og setja efni inn.

Og svo líka af því hún var að kommenta þá þorði maður frekar að setja inn af því mann langaði, þú veist, að heyra hvað henni fyndist, eða hvað öðrum fyndist um þetta.

Þau sáu ekki að þau gætu haft áhrif á stefnu námskeiðsins, þ.e. að þau gætu ákveðið hvað væri fjallað um, en engu að síður tóku þau eftir því að það var vísað til þess sem átti sér stað í hópnum í tímum, þegar kennarinn sagði hluti eins og

...á Facebook í gær, alveg rétt... og þetta myndband sem þú settir inn á, jájá, það skapaði einmitt umræðu í tímanum.

Að auki tóku þau eftir því að Facebook hjálpaði við að stýra umræðum í tímum. Stundum voru nemendur með áhugaverð innlegg sem ekki var hægt að fara nánar út í meðan á tíma stóð, eða komu ekki hugmyndum sínum skýrt frá sér. Þá

Hjálpaði til við að halda fókusi í tímum, þá sagði hún „já, settu það inn á Facebook svo allir geti séð þetta.“ Og þá skildi fólk svona, því oft er maður sjokkeraður, bara hvað er hann að meina, ég skil ekki, bara hvað er að þessum, og þá sér maður hans sjónarhorn meira... og þá fær hann vettvang til þess að setja það inn.



Með þessu fannst þeim líka minna mál að skoða efni fyrir utan námsefnið.

Það er skemmtilegt að brjóta þetta upp, ekki alltaf bara sömu bækurnar sem eru þurrar og kannski ekki allar jafn skemmtilegar. Þá er voða gaman að kíkja á eitt og eitt vídjó eða eitthvað sem tengist þessu.

Það sem sýnir kannski hvað best að þau upplifa að tilheyra starfssamfélagi er þó að þau fundu að með hópnum þá myndaðist þannig andrúmsloft

...að tíminn var... maður hætti aldrei í kúrsinum, maður gat alltaf verið inni í hópnum og talað við fólk um þetta.

## Sterkara samfélag en takmörkuð viðbót við nám

Í greininni hef ég fjallað um rannsóknarverkefni á reynslu háskólanema af því að nota Facebook í kennslu í stjórn málafræði. Þessi reynsla er sett í samhengi við kenningar um nám í ljósi mótunarhyggju, starfssamfélög og aðstæðubundið nám, og rannsóknir á notkun samfélagsmiðla í kennslu. Í greiningu kemur skýrt fram að nemendur njóta þess að hafa aðgang að þeim óformlega vettvangi sem Facebook býður þeim upp á og í samræmi við umræðu um kynslóð hinna innfæddu netverja (Prensky, 2001) skynja þau sig þar á heimavelli, enda eru þau sí tengd netinu. Þau eru fljót að tengja saman hugmyndir og finna heimildir á vefnum, en skortir vissu um gæði heimildanna (Everson, Gundlach og Miller, 2013) og vilja fá staðfestingu á skilningi sínum frá kennara og samnemendum. Þótt þau beri sjálf ekki endilega kennsl á þetta sem hluta af náminu, þá er það hvatningin sem felst í endurgjöfinni sem skiptir máli, jafnvel þegar þeim er bent á mistök eða rangan skilning. Hún hjálpar þeim að ná fótfestu í starfssamfélaginu og styrkir þannig sjálfsmynd þeirra og veitir þeim þá tilfinningu að þau séu á rétttri hillu (Rambe, 2012 í Tess, 2013). Nám þeirra verður merkingarbærara og þau líklegri til að skynja að þau sem einstaklingar skipti máli í náminu, ekki eingöngu að þau tilheyri nafnlausum hópi tiltekinnar tegundar, eins og „fyrsta árs nema“. Allt spornar þetta gegn firringu nemenda í námi, sem bætir líðan þeirra (Mann, 2001). Það dregur úr álagi á þau að nota snið sem er kunnuglegt og aðgengilegt. Þau benda á að umræðuþræðir á vefjum sem eru hannaðir fyrir nám og kennslu séu klunnalegir, verði að löngum runum og dálkum. Að auki gleymi þau oft að fara inn daglega og missi þannig af umræðu. Facebook er hins vegar þægileg, en minna tilfinningalegt álag stuðlar að því að þau læri betur (Case og Marshall, 2009; Entwistle, 2009; Tennant, McMullen og Kaczynski, 2010). Það var sérstaklega athyglisvert að þeim fannst einn helsti ókostur Uglunnar vera að það vantaði myndir af fólki inn á hana. Þetta er vísbending um að þau vilji tengja á milli rafrænna samskipta og raunheima, enda nefna þau líka að þau hafi leitað að fólki í tímum eftir að það tjáði sig á Facebook um mál sem þeim fannst áhugaverð.

Nemendur tala um það að notkun Facebook hjálpi þeim að beita námsefninu í daglegu lífi og við að tengja sitt daglega líf við námsefnið, en aðstæðubundið nám og starfssamfélög (Wenger-Trayner, e.d.) styrkja nemendur í faginu. Eins og nemendurnir benda á, þá þykir þeim auðveldara að tjá sig á stafræna vettvanginum en í skólastofunni, a.m.k. framan af. Endurgjöf á innlegg á Facebook veitti þeim síðan öryggi til að tjá sig í tímum. Þetta er í samræmi við það sem Rheingold (2010) bendir á, að nemendur verði virkari, áhugasamari og ábyrgari þegar samfélagsmiðlar eru notaðir í kennslu. Þó kom upp sú afstaða að það væri óeðlilegt að nota vef af þessu tagi, sem er í eigu stórfyrirtækis, til að stunda nám. Þetta var ein ástæða þess að ég veigraði mér við að nota Facebook, en sama gagnrýni á reyndar við um Blackboard og eflaust aðra kennsluvefi. Með umræðu og réttum fyrirvörum ætti að vera hægt að komast hjá þessu.

Nemendur nefndu í viðtölunum að þeim þætti gott að hafa þennan vettvang til að tala um náms-efnið utan tímans. Þau höfðu aðgang að kennaranum án þess að þurfa að senda tölvupóst, og gátu fengið endurgjöf frá samnemendum ef kennarinn var ekki viðlátinn. Eins og MacKeachie (1999) hefur bent á, þá fer mikilvægasti hluti námsins oft fram utan skólastofunnar, og því er jákvætt að sjá nemendur átta sig á því að þeir geti notað þennan vettvang til að styrkja nám sitt.

Það virðist ljóst að starfssamfélag nemendanna eflaðist við notkun Facebook. Þau fundu að þau höfðu eitthvað fram að færa þótt námskeiðið virtist ekki endilega breytast við það. Fæst töldu þau að beint nám færi fram á þessum vettvangi, og sum hefðu viljað nota Facebook hópinn meira til

að fá samantekt af því sem fór fram í tíma. Aðrir bentu á, og það var algengari skoðun, að þetta væri óformlegur viðauki sem hjálpaði þeim að tengja við viðfangsefni námskeiðsins.

Þegar reynsla nemenda af því að nota Facebook umræðuhópa samhliða námskeiðum í stjórn málafræði er skoðuð, er nokkuð ljóst að þessi reynsla fellur vel að fræðilegri umræðu um nám á forsendum mótunarhyggju, starfssamfélög og aðstæðubundið nám. Sjálfsmynd nemenda sem stjórn málafræðinema hefur eflst, þeir tengjast betur kennara og samnemendum, og geta beitt námsefninu í sínu daglega lífi.

## Lokaorð

Í þessari grein hef ég sett fram niðurstöður rannsóknarverkefnis um reynslu nemenda af því að nota samfélagsmiðilinn Facebook til að styðja við nám í stjórn málafræði. Nemendur bera þessu verkefni góða sögu, en taka þó oftast fram að það sé ekki beinlínis viðbót við námið sjálft. Niðurstaðan er engu að síður sterk vísending um að það styrki þróun starfssamfélags að bjóða þeim upp á vettvang utan skólastofunnar til að eiga skoðanaskipti um námið og atburði sem tengjast því. Virkni kennarans og stjórn á vettvangnum hefur áhrif á það hvernig nemendur upplifa hann, þ.e. sem sameiginlegt rými þar sem allir geta verið með, frekar en lítill, lokaður hópur. Reynslan af verkefninu hefur því almennt verið góð og það virðist hafa náð að efla starfssamfélag nemenda sem eru að byrja að fóta sig í fræðasamfélaginu, auk þess sem það virðist hafa styrkt sjálfsmynd nemenda í faginu.

Rétt er að setja þá fyrirvara að lítill hópur nemenda tók þátt í viðtalsrannsókninni og því er ekki hægt að alhæfa, frekar en almennt í eigindlegum rannsóknum. Verkefnið veitir engu að síður inn-sýn í hugarheim þess hóps. Sú upplifun sem nemendur lýsa, að þeir hafi dýpkað tengsl við bæði kennarann og samnemendur sína í gegnum þennan stafræna vettvang er einnig í samræmi við mína reynslu af þessum tilteknu hópum. Að teknu tilliti til fyrirvara um Facebook og samfélagsmiðla yfir höfuð, sem settir eru fram í aðferðafræðikaflanum, er óhætt að mæla með þessari nálgun fyrir kennara sem eiga auðvelt með notkun samfélagsmiðla.

Önnur möguleg niðurstaða er sú að það þurfi að vinna betur með veflæg námskerfi og gera þau líkari samfélagsmiðlum, og ég hef reyndar velt fyrir mér hvort hægt sé að tengja Ugluna Facebook, þannig að nemendur geti gerst áskrifendur að straumum frá námskeiðum sínum. Loks er ljóst að frekari rannsókn er þörf á því hvort samfélagsmiðlar stuðli að bættu námi og námsframmistöðu, en hér eru þó vísendingar um að þeir efli starfssamfélag nemenda, svo þeir kunna að gera það óbeint.

## Heimildir

Anna Guðrún Sigurvinsdóttir og Sólveig Jakobsdóttir (2010). Fésbók í skólastarfi: Boðin eða bannfærð? *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*, 1-12. Sótt á <http://netla.hi.is/menntakvika2010/001.pdf>

Black, A. (2010). Gen Y: Who they are and how they learn. *Educational Horizons*, 88(2), 92-101.

Blankenship, M. (2011). How social media can and should impact higher education. *The Education Digest*, 76(7), 39-42.

Cannon, R. og Newble, D. (2000). *A handbook for teachers in universities and colleges* (4. útgáfa). London: Kogan Page.

Carr, N. (2011). *The shallows: What the internet is doing to our brains* [Kindle útgáfa]. New York: W.W. Norton & Co.

Case, M.J. og Marshall, D. (2009). Approaches to learning. Í M. Tight, K.H. Mok, J. Huisman og C. Morphew (ritstjórar), *The Routledge international handbook of higher education* (bls. 9-21). New York: Routledge.

- Carver, T.L. (2011). Peer assisted learning, skills development and Generation Y: A case study of a first year undergraduate law unit“. *Monash University Law Review*, 37(3), 203-230.
- Chen, S.Y. og Y.C. Fu (2009). Internet use and academic achievement: Gender differences in early adolescence. *Adolescence*, 44(176), 797-812.
- Chen, Y.F. og S.S. Peng (2008). University students' internet use and its relationships with academic performance, interpersonal relationships, psychosocial adjustment, and self-evaluation. *CyberPsychology & Behavior*, 11(4), 467-469.
- Entwistle, N. (2009). *Teaching for understanding at university: Deep approaches and distinctive ways of thinking*. New York: Palgrave Macmillan.
- Esterberg, K.G. (2002). *Qualitative Methods in Social Research*. Boston: McGraw-Hill.
- Everson, M., Gundlach, E., og Miller, J. (2013). Social media and the introductory statistics course. *Computers in Human Behavior*, 29(5), A69-A81.
- Gill, R. (2000). Discourse Analysis. Í M.W. Bauer og G. Gaskell (ritstjórar), *Qualitative researching with text, image and sound: A practical handbook* (bls. 172-190). London: Sage.
- Guðný Guðbjörnsdóttir (2010). The uses and challenges of the „New literacies“: Web 2.0 in education and innovation. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*, 1-13. Sótt á <http://netla.hi.is/menntakvika2010/009.pdf>
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2006). Leitað að mótsögnum: Um verklag við orðræðugreiningu. Í Rannveig Traustadóttir (ritstjóri), *Fötlun: Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði* (bls. 178-194). Háskólaútgáfan: Reykjavík.
- Johnson, C.A. (2011). *The information diet: A case for conscious consumption* [Kindle útgáfa]. Cambridge: O'Reilly Media.
- Kelm, O.R. (2011). Social media: It's what students do. *Business Communication Quarterly*, 74(4), 505-520.
- Lenhart, A. (2015). Teens, Social Media & Technology Overview 2015. *PewResearchCenter*. Sótt af <http://www.pewinternet.org/2015/04/09/teens-social-media-technology-2015/>
- MacKeachie, W.J. (1999). *MacKeachie's teaching tips: Strategies, research and theory for college and university teachers*. Boston: Houghton Mifflin Company.
- Madge, C., Meek, J., Wellens, J. og Hooley, T. (2009). Facebook, social integration and informal learning at university: It is more for socialising and talking to friends about work than for actually doing work. *Learning, Media and Technology*, 34(2), 141-155.
- Mann, S.J. (2001). Alternative perspectives on the student experience: Alienation and engagement. *Studies in Higher Education*, 26(1), 7-19.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla – almennur hluti 2011 – greinasvið 2013*. Reykjavík: Höfundur.
- Paton, G. (2012, 4. apríl). Children no longer need facts because they can look them up on the smartphone, claim teachers. *The Telegraph*. Sótt af <http://www.telegraph.co.uk/education/educationnews/9186182/Children-no-longer-need-facts-because-they-can-look-them-up-on-smartphone-claim-teachers.html>
- Prensky, Marc (2001). Digital natives, digital immigrants. *On the Horizon*, 9(5), 1-6.
- Race, P. og Pickford, R. (2007). *Making teaching work*. Singapore: Sage.

Rheingold, H. (2010). Attention, and other 21st century social media literacies. *EDUCAUSE Review*, 45(5), 14-24.

Rotherham, A.J. og D. Willingham (2009). 21st Century skills: The challenges ahead. *Educational Leadership*. 67:1, 16-21. Sótt af <http://www.ascd.org/publications/educational-leadership/sept09/vol67/num01/21st-Century-Skills@-The-Challenges-Ahead.aspx>

Tay, E. og Allen, M. (2011). Designing social media into university learning: Technology of collaboration or collaboration for technology? *Educational Media International*, 48(3), 151-163.

Tennant, M., McMullen, C. og Kaczynski, D. (2010). *Teaching, learning and research in higher education: A critical approach*. London: Routledge.

Tess, P.A. (2013). The Role of social media in higher education classes (real and virtual) – a literature review. *Computers in Human Behavior*, 29(5), A60-A68.

Wenger-Trayner, E. (e.d.). Communities of Practice: A Brief Introduction. Sótt af <http://wenger-trayner.com/wp-content/uploads/2012/01/06-Brief-introduction-to-communities-of-practice.pdf>

Ákerlind, G. (2003). Growing and developing as a university teacher: Variation in meaning. *Studies in Higher Education*, 28(4), 375-390.

### Um höfund

Silja Bára Ómarsdóttir (sbo@hi.is) er aðjunkt við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands. Hún hefur lokið BA og MA gráðum í alþjóðastjórnámum, viðbótardiplómum í aðferðafræði félagsvísinda og kennslufræði háskólastigsins og stundar nú doktorsnám í alþjóðastjórnámum. Rannsóknir hennar eru einkum á sviði íslenskra utanríkis- og alþjóðamála, með femínísku ívafi.

### Efnisorð

Samfélagsmiðlar, tilraunir í kennslu, stjórnmálafræði, starfssamfélög

### About the author

Silja Bára Ómarsdóttir (sbo@hi.is) is adjunct lecturer at the Faculty of Political Science at the University of Iceland. She holds BA and MA degrees in international relations, post-graduate diplomas in methodology of social sciences and university teaching, and is currently pursuing a PhD in international politics. Her research is mostly focused on Icelandic foreign and security affairs, with a feminist perspective.

### Key words

Social media, teaching experiments, political science, communities of practice



Nafn höfunda(r). (2016).

„Þetta gefur okkur vettvang utan skólans“: Facebook sem verkfæri í háskólanámi  
*Netla – Vefímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Sótt af [http://netla.hi.is/greinar/2016/ryn/12\\_ryn\\_arsrit\\_2016.pdf](http://netla.hi.is/greinar/2016/ryn/12_ryn_arsrit_2016.pdf)